Fréttatilkynning frá Hafrannsóknastofnuninni: Könnun á útbreiðslu makríls í íslenskri lögsögu

Þann 31. ágúst lauk 29 daga leiðangri Árna Friðrikssonar sem hafði það markmið að kanna útbreiðslu og magn makríls í íslenskri lögsögu. Þetta er þáttur í sameiginlegum rannsóknum Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga á dreifingu og magni helstu uppsjávartegunda á ætissvæðum í Norðaustur-Atlantshafi og umhverfisaðstæðum þar. Teknar voru 110 togstöðvar, 149 sjórannsóknastöðvar og 100 átustöðvar í leiðangrinum. Alls var 1306 mögum safnað úr síld, makríl og kolmunna til fæðugreiningar, þar af 678 makrílmögum. Hjörtum úr 1638 íslenskum sumargotssíldum var safnað til greiningar á sýkingu sem hrjáð hefur þennan stofn og erfðasýni úr 400 makrílum voru tekin.
Úrvinnsla úr gögnum leiðangursins er ekki lokið en helstu niðurstöður þessara rannsókna munu birtast í sameiginlegri skýrslu þeirra aðila sem að leiðangrinum stóðu að loknum fundi í Reykjavík í lok september.
Bráðabirgða niðurstöður íslenska hluta leiðangursins sýna að útbreiðsla makríls við landið var svipuð og árið 2010 nema hvað meira var um hann nú við Vesturland og sunnanverða Vestfirði og minna við Suðausturland. Á 1. mynd sést útbreiðsla og þéttleiki makríls á íslenska hafsvæðinu. Nokkuð varð vart við makríl á fyrsta ári, 18-22 cm að lengd, við Suðausturland.



1. mynd. Útbreiðsla makríls og afli í togi (kg/sjómílu). Svartir punktar eru tog án makrílafla.

Dreifing síldarinnar var þannig í stórum dráttum að Íslenska sumargotssíldin fannst mest við Suðvestur- og Vesturland en norsk-íslenska vorgotssíldin hélt sig eingöngu við Suðaustur-, Austur – og Norðausturland. Á 2. mynd er sýnd útbreiðsla og þéttleiki síldarstofnanna við landið. Þess ber að geta að nokkur blöndun stofnanna átti sér stað fyrir austan land sem ekki kemur fram á myndinni.



2. mynd. Útbreiðsla íslensku sumargotssíldarinnar (rauðir hringir) og norsk-íslensku síldarinnar (bláir hringir) og afli í togi (kg/sjómílu). Svartir punktar eru tog án síldarafla.

Kolmunna varð vart við Suður- og Austurland en hann fannst hvergi í miklu magni. Mest fannst við Suður- og Suðvesturland og var þar mest ungur kolmunni á fyrsta og öðru aldursári. Þar sem aðallega voru tekin yfirborðstog í leiðangrinum og kolmunninn heldur sig gjarnan á talsverðu dýpi er dreifing og magn kolmunna eins og fram kemur í togunum ekki sambærileg við hinar tegundirnar. Á 3. mynd er sýnd útbreiðsla kolmunna eins og hún mældist í togum.



3. mynd. Útbreiðsla kolmunna. Rauðir þríhyrningar tog með kolmunna og svartir punktar togstöðvar án kolmunnaafla.

Aðrar fisktegundir sem fengust í leiðangrinum voru 21 og algengastar voru loðnu-, þorsk- og ýsuseiði, hrognkelsi, laxsíldir, gulldepla, vogmær og bretahveðnir.

Hafrannsóknastofnunin, 14. september 2011